

formanninum, að fjelagið eigi ekki fyrir skuldum sínum, og sje því insolvent, enda skip það, sem fjelagssapurina byggðist á, selt, og því grundvellingur undir fjelagsskapnum kipt burt, auk þess, sem nú er að fjelaginu gengið af einum kröfuhafa með fjárnámi, verður að telja kröfn hluthafanna til að framselja fjelagið til gjaldþrotaskifta á fullum rökum byggða, og hafa heimild ekki einungis í 39. gr. laganna frá 1921, ef stjórnin hefði tilkynnt fjelagið, svo sem skylda hennar var, heldur og í almennum ákvæðum um, að allir skuldheimtumenu skuli njóta sömu rjettinda, að því er eignirnar snertir, enda er nægilegt í þessu sambandi að vísa til 26. gr. gjaldþrotalaganna sbr. 263. gr. hegningarlaganna, og verður því krafa hlutafjárhafanna tekin til greina að þessu leyti, að fjelaginu sje slitið, og eignir þess teknar til gjaldþrotaskifta-meðferðar.

Miðvikudaginn 10. júní 1925.

Nr. 12/1925.

Valdstjórnin (Sveinn Björnsson)
gegn

Birni Ólafs (Lárus Jóhannesson).

Brot á lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 26. jan. 1925: Kærður, Björn Ólafs, greiði fjórtán þúsund króna sekt til Landhelgisjóðs Íslands og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með því að fallast má á ástæður lögreglurjettar-dómsins, sem ekki er hnekt með framlögðum nýjum skýrslum af hendi kærða, ber að staðfesta dóminn, enda styður svarbrjef forstöðumanns stýrimannaskólans, dags. 12. mars þ. á., við fyrirspurnum sækjanda

frá 7. s. m., framburð vitnanna um að kærði haf kastað botnvörpu og dregið í landhelgi.

Eftir þessum úrslitum verður kærði að greiða allan áfrýjunarkostnað þar með taldar 100 kr. til hvors, sækjanda og verjanda málsins fyrir hæstarjetti.

Því dæmist rjett vera:

Lögreljurjettardóminum skal óraskað.

Kærði, Björn skipstjóri Ólafs, greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin sóknar- og varnarlaun til hæstarjettarmálflutningsmannanna, Sveins Björnssonar og Lárusar Jóhannessonar, 100 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjanda dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn skipstjóra á b/v. R.E. „Mai“ hjeðan úr bænum, Birni Ólafs, til heimilis í Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveidum, og eru málavextir þeir, er nú skal greina.

Fimmtudaginn 20. mars f. á. var róðrabáturinn „Bliki“, sem haldið var út frá Dyrhólahöfn, á sjó skamt suður af Dyrhóla-
dröngum. Sá bátshöfnin þá botnvörpung koma að austan, er nálgadist „Blika“ og stefndi til norðvesturs. Rendi hann fram hjá „Blika“ innauvert við hann og sáu bátverjar þá, að þetta var botnvörpungurinn R.E. 155 „Mai“. Var kallað af botnvörpungnum til bátsins og spurt um afla, en formaður svaraði því til að fisklaust væri. Litlu síðar staðnæmdu botnvörpungurinn, kastaði út stjórnborðs vörpunni og byrjaði að toga vestur með ströndinni.

Formaðurinn á „Blika“ Þorsteinn Friðriksson, skólustjóri í Vík, sem verið hefir formaður á þeim bát 7 undanfarin ár á vertíð

undan Dyrhólaey og áður hafði stundað sjó á skútum og enskum botnvörpungum, hefir borið það sem vitni í málinu og staðfest þann framburð sinn með eidi, að botnvörpungur þessi hafi að hans dómi er hann kastaði út vörpunni og fór að toga, verið „ca. 1/2 sjómílu (kvartmílu) vestur til suðurs (rjettvisandi) af Máfadrang við Dyrhólaey og ca. 1 sjómílu suður frá ströndinni“. Taldi þetta vitni það ekki orka tvímælis, að hjer hafi verið um landhelgisbrot að ræða og kveðst hafa sjeð varðskipið taka botnvörpunga í landhelgi og hafi þeir þá allajafna verið utar, þar á meðal tveir botnvörpungar, sem varðskipið „Pór“ tók í febrúarmánuði síðastliðnum og sektaðir voru í Vestmannaeyjum.

Sjö hásetar af „Blika“ hafa og verið yfirheyrðir sem vitni í málinu og eru sumir þeirra alvanir sjómenn. Hafa öll vitnin borið að „Bliki“ hafi verið fyrir innan landhelgislílnuna og skamt suður af Dyrhólaey. Þau hafa öll lýst aðförum botnvörpungsins eins og formaðurinn gerði, öll sjeð að það var R.E. 155 „Maí“ og að hann fór innan við bátinn, að hann kastaði síðan út vörpunni örfáum mínútum eftir að hann fór fram hjá bátnum (og tekur eitt vitnið það fram að það hafi sjeð hlerana síga í sjóinn og annað, að það hafi verið stjórnbordsvarpan og öll telja þau hann hafa verið í vafalausri landhelgi. Sum þeirra taka og fram, að þau hafi áður sjeð varðskip taka botnvörpunga fjær landi en „Maí“ var í þetta skifti. Öll þessi vitni hafa staðfest framburð sinn með eidi.

Þá hefir og verið yfirheyrður sem vitni í málinu formaður á róðrabátnum „Sigurbjörgu“ er var á sjó sama dag á sömu slóðum, alvanur sjómaður og tveir hásetar á þeim bát. Kemur framburður þeirra heim við framburð bátshafnarinner á „Blika“ að öðru leyti en því, að formaðurinn á „Sigurbjörgu“ kveðst ekki hafa sjeð, er botnvörpungurinn kastaði út vörpunni, en kveður bátverja sína hafa haft orð á því að hann hafi gert það. Einnig þessi vitni hafa staðfest framburð sinn með eidi.

Kærður kannast við að hann hafi verið að veiðum við suðurland hinn umrædda dag, enda stendur í dagbók skips hans, að það hafi þá verið að veiðum út af Jökulsá, en það telur kærður 8—10 sjómílu vestar en bátarnir hafi verið.

Hann man og eftir því, að hann á vertíðinni hafi haft tal af róðrabátum út af Vík, að hann minnir, og spurt um afla og sjer hafi verið svarað því, að bátarnir yrðu ekki varir.

Hann hefir þverneitað því að hafa kastað út vörpu eða hafa

veitt í landhelgi um þetta leyti á þessum slóðum og kveður bátverjum mnni hafa missýnst er þeir hafa borið að hann hafi kastað út vörpunni og verið að veiðum.

Það verður þó að teljast nægilega sannað með framangreindum vitnaframburðum að kærður, sem ekki hefir sætt refsingu fyrir samskonar brot, hafi verið að veiðum innan landhelginna skamt frá Dyrhólaey 20. mars f. á. og hefir hann því gerst brotlegur við ákvæði 1. gr. greindra laga og þykir refsing hans eftir 3. gr. þeirra fyrir það, hæfilega ákveðin 14000 kr. sekt, er renni í Landhelgissjóð.

Um upptöku afla og veiðarfæra er ekki að ræða, þar sem málið vegna staðháttu og erfiðleika á að ná mönnum á botnvörpungum til yfirheyrslu er höfðað svo löngu eftir að brotið er framið. Hinsvegar verður kærður að greiða allan af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á rekstri málsins hefir enginn dráttur orðið.

Miðvikudaginn 17. júní 1925.

Nr. 59/1924. **Samband íslenskra samvinnufjelaga** (B. P. Kalman)

gegn

Birni Kristjánssyni og gagnsök

(Jón Ásbjörnsson).

Mál um meiðyrði, og bætur fyrir miska og lánstraustspjöll.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. ágúst 1924: Ummæli þau, er undir A 12 og B 6 og B 4, 13, 17 og 21 segir, eiga að vera dauð og ómerk. Að öðru leyti á stefndur Björn Kristjánsson, að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ólafs Briems f. h. Sambands íslenskra samvinnufjelaga, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar af hálfu beggja aðila.